

Skipulag

| | | | |
|-----------------------|--|----------------------|---------------|
| <i>Fundarboðandi:</i> | Sigurborg Daðadóttir | <i>Fundarstaður:</i> | Skype fundur |
| <i>Fundarstjóri:</i> | Sigurborg Daðadóttir | <i>Dagsetning:</i> | 18.12.2017 |
| <i>Fundarritari:</i> | Ágústa R. Jónsdóttir | <i>Fundartími:</i> | 11.00 – 12.00 |
| <i>Gerð fundar:</i> | | <i>Verknúmer:</i> | |
| <i>Fjarverandi:</i> | | | |
| <i>Þátttakendur:</i> | Sigurborg Daðadóttir, Erna Bjarnadóttir, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Henry Alexander Henrysson, Þóra Jónasdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir fundarritari | | |

Umræða

1. Umsókn um dýratilraun. Á síðasta fundi fagraðs var kynnt rannsókn sem snýr að pörun þekktar arfbera „bógreppu“ og söfnun lífsýna úr lömbum sem sýna einkenni erfðagallans bógreppu og óskað eftir flýtimeðferð. Ákveðið var að afgreiða umsögn fagraðs með tölvupóstum milli funda reyndist umsóknin tæk til afgreiðslu.
 - a. Tekin var fyrir umsókn sem snýr að því að að para ær við þekktan arfbera erfðagallans og ná þannig lífsýnum úr lömbum sem sýna einkenni bógreppu sem lið í því að undirbúa rannsókn sem miðar að því að staðsetja erfðavísinn fyrir þessum galla. Ef unnt verður að prófa gripi gagnvart því hvort þeir beri erfðavísi fyrir gallanum, er hægt að vinna markvisst að útrýmingu erfðagallans. Í umræðum kom fram að óska yrði eftir verður eftir nánari upplýsingum varðandi framkvæmd rannsóknarinnar sem snýr m.a. að umsjón og ábyrgð. Fagrað hefur kynnt sér umsóknina og telur álag á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagrað veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar að því gefnu að fullnægjandi viðbótarupplýsingar berist varðandi umsjón og ábyrgð rannsóknarinnar.

Næsti fundur áætlaður mánudaginn 29. janúar 2018, kl. 13.00 á Selfossi.
Fundi slitið